

AUGLÝSING

50

30. marz

um undanþágu frá greiðslu söluskatts af nokkrum vörutegundum.

Samkvæmt heimild í 47. gr. laga nr. 128 1947, um dýrtíðarráðstafanir, hefur ráðuneytið ákveðið, að eftirgreindar vörutegundir skuli undanþegnar söluskatti:

Egg,
Tilbúinn áburður,
Slátur, óunnið,
Flugvélabenzín.

Þetta tilkynnist hér með þeim, er hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 30. marz 1948.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Magnús Gíslason.

GJALDSKRÁ

51

30. marz

fyrir Rafveitu Ólafsfjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Ólafsfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

Þar sem orkan er aðallega notuð til lýsingar og suðu, skal hún seld um einn kwst.-mæli fyrir alla notkun á heimilinu á 25 aura hver kwst. Auk þess greiðist fastagjald, 25 aurar á hvern fermetra gólfflatar íbúðarherbergja. Til íbúðarherbergja teljast allar stofur og eldhús, en ekki gangar, geymslur og baðherbergi.

Undir þennan gjaldskrárlið falla og vinnustofur, skrifstofur og verzlanir.

B. Vélar.

Þar sem orkan er notuð til vélareksturs, skal hún seld um kwst.-mæli á 80 aura hver kwst. allt að 150 kwst. á hvert kw. í málraun vélanna, en 24 aurar hver kwst., sem notuð er fram yfir það. Þó skal minnsta árgjald vera kr. 120 á hvert kw. í málraun vélanna.

C. Orkusala til fyrirtækja, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu.

Rafveitustjórn getur, í samráði rafveitustjóra, með sérstökum samningi selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi orkusöluna til þeirra, hvenær sem nauðsynlegt er að dómi rafveitustjóra.

D. Næturráfmagn.

Til upphitunar, um kwst.-mæli á 8 aura hver kwst.

Til hökunar og vélareksturs, um kwst.-mæli á 8 aura hver kwst., og auk þess fastagjald, kr. 5.00 á mánuði á hvert uppsett kw. ofna eða véla.